



Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga 2009

Í sveitarstjórnarlögum er kveðið á um að sveitarfélög skuli afgreiða fjárhagsáætlanir fyrir komandi rekstrarár í síðasta lagi fyrir lok desember. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar er ekki lausleg áætlun um tekjur og gjöld heldur þýðir hún í raun að sveitarstjórn tekur ákvörðun um þær fjárheimildir sem til staðar eru á næsta rekstrarári. Út frá fjárhagsáætlun má einungis bregða með sérstakri ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni. Með því móti er tryggt að hvert sveitarfélag sé ætíð rekið samkvæmt samþykktum fjárheimildum. Í ljósi þeirra óvenjulegu aðstæðna sem hafa ríkt hérlendis frá því í októberbyrjun á sl. ári þá var illmögulegt fyrir fjölmörg sveitarfélög að ganga frá fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 innan lögbundins skilafrests. Ýmsarmikilvægar upplýsingar sem fjárhagsáætlun byggir á að hluta lágu ekki fyrir fyrr en síðustu daga ársins. Því afgreiddu mörg sveitarfélög fjárhagsáætlanir í janúarmánuði að undangenginni formlegri tilkynningu til samgönguráðuneytisins þar um.

Sveitarfélögunum er skipt í fjóra flokka til frekari glöggvunar. Þeir eru sem hér segir:

- Reykjavíkurborg
- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur
- Sveitarfélög frá Borgarbyggð til og með Sveitarfélagsins Árborgar, Akureyrarkaupstaður, Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð.
- Önnur sveitarfélög

Þær upplýsingar sem hér eru birtar miða við skil á fjárhagsáætlunum eins og þau voru í fyrstu viku febrúar. Skil í einstökum flokkum koma fram í töflu 1.

Í töflu 1 kemur fram að í lok janúar hafa sveitarfélög með rúmlega 90% íbúanna skilað fjárhagsáætlunum. Skil fjárhagsáætlana eru lökust í flokknum önnur sveitarfélög. Þar höfðu sveitarfélög með um 66% íbúanna skilað fjárhagsáætlunum. Skil fjárhagsáætlana eru betri hjá stærri sveitarfélögum en þeim minni. Niðurstöður úr fjárhagsáætlunum þeirra sveitarfélaga sem skiluðu upplýsingum fyrir tilsettan tíma eru síðan færðar upp hlutfallslega með hliðsjón af íbúafjölda þannig að þær gildi fyrir öll sveitarfélög landsins.

Tafla 1: Skil fjárhagsáætlana í janúarlok

	Reykjavíkurborg	Hlutf. af heild	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutf. af heild	Vaxtarsvæði	Hlutf. af heild	Önnur sveitarfélög	Hlutf. af heild	Samtals
Íbúafjöldi	119.848	37,5%	81.737	25,6%	72.276	22,6%	45.895	14,4%	319.756
Íbúafjöldi í sveitarf. sem hafa skilað	119.848		81.737		58.017		30.434		290.036
Fjöldi sveitarfélaga	1		7		17		53		78
Fjöldi sveitarf. sem hefur skilað	1		7		13		32		53
Hlutfall af íbúafjölda		100,0%		100,0%		80,3%		66,3%	90,7%

Bls. 2



Framlegð sem hlutfall af tekjum er hæst hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu en lægst á vaxtarsvæði.

Bls. 4



Vegna efnahagsástandsins er ekki tryggt að sveitarfélög nái að uppfylla lánsfjárför sín.

Bls. 6



Sveitarfélögin hafa líkt og aðrir í samfélaginu brugðist við efnahagserfiðleikum þjóðarinnar með aðhaldi og sparnaði þar sem því verður við komið.

Tafla 2: Niðurstaða rekstrar

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutf. af tekjum	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutf. af tekjum	Vaxtarsvæði	Hlutf. af tekjum	Önnur sveitarfélög	Hlutf. af tekjum	Samtals	Hlutf. af tekjum
Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting	119.848	37,5%	81.737	25,6%	72.276	22,6%	45.895	14,4%	319.757	100,0%
Skatttekjur	47.563	83,0%	32.230	81,2%	25.323	64,1%	14.418	53,1%	117.730	71,9%
Framlög jöfnunarsjóðs	660	1,2%	1.277	3,2%	4.952	12,5%	7.484	27,6%	16.177	9,9%
Þjónustutekjur og aðrar t.	9.089	15,9%	6.186	15,6%	9.213	23,3%	5.235	19,3%	29.724	18,2%
Samtals tekjur	57.312	100,0%	39.692	100,0%	39.488	100,0%	27.138	100,0%	163.630	100,0%
Laun og launatengd gjöld	30.212	52,7%	20.204	50,9%	20.417	51,7%	13.835	51,0%	84.668	51,7%
Annar rekstrarkostnaður	25.141	43,9%	16.429	41,4%	18.452	46,7%	12.031	44,3%	72.053	44,0%
Samtals gjöld	55.353	96,6%	36.633	92,3%	38.869	98,4%	25.866	95,3%	156.721	95,8%
Framlegð (tekjur-gjöld)	1.959	3,4%	3.059	7,7%	619	1,6%	1.272	4,7%	6.909	4,2%
Hlutfall af heildarframlegð		28,3%		44,3%		9,0%		18,4%		100,0%

Niðurstöður fjárhagsáætlana 2009

1. Rekstraryfirlit

Í rekstraryfirliti er birt yfirlit um tekjur og gjöld sveitarfélaganna. Þar eru einnig tilteknar afskriftir, breytingar á lífeyrisskuldbindingum, fjármagnstekjur og gjöld ásamt óreglulegum tekjum. Niðurstaða tekna og gjalda úr rekstraryfirliti fjárhagsáætlana er birt í töflu 2.

Í töflu 2 koma fram niðurstöður fjárhagsáætlana yfir tekjur og gjöld sveitarfélaganna á árinu 2009. Hlutfall íbúa í hverjum flokk er birt til samanburðar. Fram kemur að hlutur Reykjavíkurborgar í heildarframlegð sveitarfélaganna

Tafla 3: Niðurstaða rekstrar á íbúa

Kr. á íbúa	Reykjavíkurborg	Höfuðborgarsv. án Rvk	Vaxtarsvæði	Önnur sveitarfélög	Meðaltal f. landið
Skatttekjur	396.861	394.314	350.360	314.161	368.186
Framlög jöfnunarsjóðs	5.504	15.619	68.515	163.067	50.590
Þjónustutekjur og aðrar t.	75.840	75.679	127.474	114.069	92.957
Samtals tekjur	478.204	485.612	546.350	591.297	511.733
Laun og launatengd gjöld	252.083	247.180	282.490	301.451	264.789
Annar rekstrarkostnaður	209.778	201.003	255.293	262.131	225.337
Samtals gjöld	461.861	448.183	537.783	563.583	490.126
Framlegð	16.343	37.429	8.566	27.714	21.607

Í töflu 3 kemur fram yfirlit um tekjur og gjöld á hvern íbúa eftir einstökum flokkum svo og meðaltal fyrir landið allt. Skatttekjur eru hæstar á hvern íbúa á höfuðborgarsvæðinu en greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru hæstar fyrir utan höfuðborgarsvæðið og vaxtarsvæði eins og gefur að skilja. Glöggur kemur fram hve kostnaður á hvern íbúa er hærri utan höfuðborgarsvæðisins, þar sem sveitarfélög

er heldur lægri en sem nemur hlutfalli íbúa í borginni af heildaríbúafjölda landsins. Hlutfallslega er afkoman slökust hjá sveitarfélögum á vaxtarsvæði en þau hafa einungis um 9,0% af heildarframlegð þrátt fyrir að vera með tæp 23% íbúanna. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur og önnur sveitarfélög hafa hærri hlutdeild í áætlaðri heildarframlegð sveitarfélaganna en sem nemur hlutdeild þeirra í íbúafjölda. Heildarframlegð sveitarfélaganna er áætluð vera 6,9 ma.kr. Framlegð sem hlutfall af tekjum er hæst hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu en lægst á vaxtarsvæði.

Í framhaldi af þessu er áhugavert að sjá þetta yfirlit sett upp m.v. krónur á hvern íbúa. Þá fæst á ýmsan hátt raunhæfari samanburður á milli einstakra flokka. Niðurstaðan úr því sést í töflu 3.

eru fámennari. Það á bæði við um launakostnað og annan rekstrarkostnað. Framlegð á hvern íbúa á vaxtarsvæði er áberandi lökust. Þar á eftir kemur Reykjavíkurborg. Enda þótt tekjur séu miklar á hvern íbúa á vaxtarsvæðum eru rekstrarútgjöldin þar einnig mjög há. Það ræður mestu um að útlit er fyrir erfiða afkomu.

Reiknaðir liðir skipta máli varðandi afkomu sveitarfélaganna, enda þótt þeir komi ekki til útgjalda á árinu. Niðurstaða úr rekstraryfirliti sveitarfélaganna eftir að tekið hefur verið tillit til reiknaðra liða kemur fram í töflu nr. 4.

Í töflu 4 kemur fram að afkoma sveitarfélaganna, eftir að tekið hefur verið tillit til reiknaðra liða, er lakari en æskilegt væri. Sveitarfélögin í heild eru rekin sem því næst

á núlli. Miklar vaxtatekjur nokkurra sveitarfélaga hífa heildina upp í núllið. Án þeirra væri sveitarfélagageirinn í heild rekin með töluverðu tapi. Þessi niðurstaða þýðir þá aftur á móti að þar sem nokkur sveitarfélög hafa allmiklar fjármunatekjur þá er útlit fyrir að önnur sveitarfélög verði rekin með verulegum halla. Þessi mismunur milli einstakra sveitarfélaga virðist vera einna mestur á vaxtarsvæði.

Tafla 4: Lokaniðurstaða úr rekstraryfirliti sveitarfélaganna

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutfall	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutfall	Vaxtarsvæði	Hlutfall	Önnur sveitarfélög	Hlutfall	Samtals
Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting	119.848	37,5%	81.737	25,6%	72.276	22,6%	45.895	14,4%	319.757
Framlegð	1.959		3.059		619		1.272		6.909
Afskriftir	2.391		1.796		1.722		970		6.879
Breyting lífeyrisskuldbindinga	2.100		695		602		188		3.585
Niðurstaða án fjármunat. og (gjalda)	-2.532		568		-1.705		114		-3.555
Fjármunatekjur og (gjöld)	2.532		-296		1.390		-63		3.563
Óreglulegir liðir	0		80		0		14		94
Reksstramiðurst. e. fj.m.t/g. og órl.l.	0		352		-315		65		102

2. Sjóðsstreymi

Í sjóðsstreymi fjárhagsáætlunar kemur fram yfirlit um hve mikið lausafé er afgangur í rekstrinum þegar búið er að borga daglega reikninga, hve mikil fjárþörf er vegna fjárfestinga og afborgana aflánnum og hvernig þessi fjárþörf

er fjármögnuð. Þetta yfirlit er ekki síður mikilvægt til að átta sig á greiðsluhæfi sveitarfélags en rekstraryfirlitið.

Í töflu 5 kemur fram yfirlit um sjóðsstreymi sveitarfélaganna á árinu 2009 samkvæmt fjárhagsáætlunum þeirra.

Tafla 5: Sjóðsstreymisyfirlit

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutfall	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutfall	Vaxtarsvæði	Hlutfall	Önnur sveitarfélög	Hlutfall	Samtals
Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting	119.848	37,5%	81.737	25,6%	72.276	22,6%	45.895	14,4%	319.757
Handbært fé frá rekstri	2.428		1.069		2.923		2.003		8.423
Handbært fé frá rekstri (% af tekjum)	4,2%		2,7%		7,4%		7,4%		5,1%
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjárm.	6.735		3.922		7.479		3.389		21.525
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	1.400		890		99		0		2.389
Eignarhlutir í félögum, breyting	-16		1.450		434		75		1.943
Fjárfestingarhreyfingar	5.351		1.582		6.946		3.314		17.193
Tekin ný langtímalán	5.800		8.268		6.494		1.177		21.739
Afborganir langtímalána	1.532		4.423		4.798		1.664		12.417
Skammtímalán, breyting	109		3.190		-506		-89		2.704
Fjármögnunarhreyfingar	4.159		655		2.202		-398		6.618
Staða fjármögnunar	1.235		142		-1.821		-1.709		-2.153

Handbært fé frá rekstri er það fjármagn sem afgangur er frá rekstri og notast til að greiða afborganir lána og standa undir fjárfestingum. Handbært fé er góður mælikvarði á hve auðvelt er fyrir rekstraraðila að standa undir áhvilandi skuldbindingum. Ef handbært fé frá rekstri dugur t.d. ekki til að standa undir afborgunum langtímalána er fullrar varúðar þörf því þá verður að taka lán til að greiða afborganir eldri lána. Slíkt ástand getur einungis gengið í tiltölulega skamman tíma.

Sem almenn viðmiðun er talið að handbært fé frá rekstri þurfi að vera yfir 7% af tekjum að jafnaði til að samspil afkomu frá rekstri og skuldbindinga sé í jafnvægi. Reykjavíkurborg og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu liggja undir þessu marki, en önnur sveitarfélög er að jafnaði nálægt því. Landsmeðaltalið liggur því töluvert undir settu marki.

Fjárfestingar eru ætlaðar samtals um 21,5 ma.kr. Hlutfallslega eru þær mestar á vaxtarsvæði. Að hluta til á að fjármagna fjárfestingar með sölu rekstrarfjármuna og vegur það þyngst í Reykjavík. Ný lántaka er áætluð tæpir 22 ma.kr. Hlutfallslega er lánataka mest hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Þegar allt hefur

verið stillt saman þá er eftir að afla sem nemur tæplega 2,2 ma.kr. til að uppfylla fjárþörf ársins. Það á eingöngu við um vaxtarsvæði og önnur sveitarfélög.

Staða fjármögnunar gefur til kynna hvort sveitarfélög hafa náð að uppfylla fyrirsjáanlega fjárþörf í fjárhagsáætlun eða ekki. Þar sem fjármögnun er neikvæð er ljóst að ekki liggur fyrir hvernig eigi að fjármagna fyrirsjáanlegar fjárfestingar eða afborganir lána. Því má síðan ekki gleyma að vegna efnahagsástandsins er ekki tryggt að sveitarfélög nái að uppfylla lánsfjárþörf sína.

3. Efnahagsreikningur.

Í efnahagsreikningi er tekið saman yfirlit um eignir sveitarfélaganna og hvernig þær eru fjármagnaðar. Eignum er skipt upp í fastafjármuni og veltufjármuni eftir því hve auðvelt er að losa það fjármagn sem bundið er í eignum. Skuldahlíð efnahagsreiknings er skipt upp í skuldbindingar (sem eru fyrst og fremst lífeyrisskuldbindingar) og langtímaskuldir og skammtímaskuldir. Mismunur eigna og skulda er síðan eigið fé (höfuðstóll).

Í töflu 6 kemur fram yfirlit um efnahagsreikning sveitarfélaganna.

Tafla 6: Efnahagsreikningur

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutfall	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutfall	Vaxtarsvæði	Hlutfall	Önnur sveitarfélög	Hlutfall	Samtals
Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting	119.848	37,5%	81.737	25,6%	72.276	22,6%	45.895	14,4%	319.757
Fastafjármunir	75.913		72.692		77.822		37.812		264.238
Veltufjármunir	17.608		21.148		17.017		17.258		73.031
Eignir	93.521		93.840		94.839		55.070		337.269
Eigið fé	55.818		33.182		37.884		28.141		155.025
Skuldbindingar	17.581		10.607		8.972		6.688		43.848
Langtímaskuldir	11.033		35.606		37.134		14.939		98.710
Skammtímaskuldir	9.090		14.444		10.849		5.302		39.685
Skuldir og eigið fé	93.521		93.840		94.839		55.070		337.269

Í töflu 6 kemur fram yfirlit um eignir og skuldir sveitarfélaganna. Heildarskuldir og skuldbindingar nema samtals rúmum 180 ma.kr. Þar til viðbótar koma skuldbindingar utan efnahags sem eru um 50 ma.kr. Athuga ber að hluti af veltufjármunum sveitarfélaganna getur verið viðskiptakrafa á B hlutastofnanir, s.s. hafnir og félagslega íbúðarkerfið. Í mörgum tilvikum er hæpið að þær kröfur

verði greiddar. Yfirleitt eru þó veltufjármunir verulega hærri en skammtímaskuldir sem segir að lausafjárstaða sveitarfélaganna sé að jafnaði mjög góð. Fróðlegt er í þessu sambandi að skoða efnahagsreikninginn deilt niður á íbúa. Á þann hátt fæst betri möguleiki á að bera stöðuna saman milli einstakra flokka.

Tafla 7: Efnahagsreikningur, krónur á íbúa

Kr. á íbúa	Reykjavíkurborg	Höfuðborgarsv. án Rvk	Vaxtarsvæði	Önnur sveitarfélög	Meðaltal f. landið
Fastafjármunir	633.409	889.339	1.076.734	823.872	826.375
Veltufjármunir	146.923	258.730	235.440	376.033	228.396
Eignir	780.332	1.148.069	1.312.174	1.199.905	1.054.771
Eigið fé	465.736	405.965	524.158	613.171	484.824
Skuldbindingar	146.693	129.774	124.140	145.721	137.131
Langtímaskuldir	92.055	435.611	513.774	325.497	308.705
Skammtímaskuldir	75.849	176.718	150.102	115.517	124.111
Skuldir og eigið fé	780.332	1.148.069	1.312.174	1.199.905	1.054.771
Eiginfjárlutfall	59,7%	35,4%	39,9%	51,1%	46,0%

Hér kemur glögg fram að skuldir og skuldbindingar á íbúa eru lægstar í Reykjavík. Þær eru hæstar á íbúa á höfuðborgarsvæðinu og vaxtarsvæðum en önnur sveitarfélög koma þar nokkuð á eftir. Eiginfjárlutfall Reykjavíkurborgar er tæp 60% á meðan það er á milli 35-40% á höfuðborgarsvæðinu utan Rvk og á vaxtarsvæðum. Samkvæmt þessum niðurstöðum er efnahagur sveitarfélaganna að jafnaði sterkur. Á það ber þó að minna að hér eru samandregnar niðurstöður fyrir einstaka flokka. Innan hvers flokks er þannig iðulega töluverður breytileiki.

Í umræðu um skuldir sveitarfélaganna er eðlilegt að skoða hvaða eignir standa þar á mót. Stærstur hluti eigna er bundinn í fastafjármunum sem eru fyrst og fremst mannvirki sem eru notuð vegna lögbundinnar starfsemi sveitarfélaganna. En töluverður hluti eigna er í lausafé og langtímakröfum sem hægt er að breyta í lausafé. Athuga ber þó að hluti af viðskiptakröfum sveitarfélaganna er á hendur B-hluta stofnana, s.s. hafna og félagslegs íbúðarhúsnæðis. Ólíklegt er að sveitarsjóður fái þessar kröfur greiddar þar sem til þeirra hefur oft verið stofnað til að mæta rekstrarhalla viðkomandi B-hluta stofnana. Engu að síður er áhugavert að skoða hvernig nettó skuldastaða sveitarfélaganna er.

Tafla 8: Nettó skuldir sveitarfélaganna

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutfall	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutfall	Vaxtarsvæði	Hlutfall	Önnur sveitarfélög	Hlutfall	Samtals
Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting	119.848	37,5%	81.737	25,6%	72.276	22,6%	45.895	14,4%	319.757
Langtímakröfur	10.378		15.800		28.736		9.203		64.118
Veltufjármunir	17.608		21.148		17.017		17.258		73.031
Samtals peningalegar eignir	27.986		36.948		45.753		26.461		137.149
Skammtímaskuldir	9.090		14.444		10.849		5.302		39.685
Langtímaskuldir	11.033		35.606		37.134		14.939		98.710
Skuldbindingar	17.581		10.607		8.972		6.688		43.848
Samtals vergar skuldir	37.704		60.657		56.955		26.928		182.244
Hreinar skuldir og skuldbindingar	9.717		23.709		11.202		467		45.095
Hlutfall hreinna skulda		21,5%		52,6%		24,8%		1,0%	100,0%

Í töflu 8 kemur fram að peningalegar eignir sveitarfélaganna eru samtals um 137 ma.kr. Vergar skuldir og skuldbindingar eru 182 ma.kr. Mismunurinn er 45 ma.kr. sem eru hreinar skuldir sveitarfélaganna. Athygli vekur að rúmur

hellingur af hreinum skuldum er hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu enda þótt þar búi einungis um 26% íbúanna. Önnur sveitarfélög eru aftur á mót með um 1,0% af nettó skuldum en þar búa rúm 14% íbúanna.



Að lokum

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árið 2009 voru afgreiddar með töluverðri óvissu um ýmsa afgerandi þætti. Þar má til nefna útsvarstekjur, þróun ýmissa kostnaðarþátta í starfsemi sveitarfélaganna er óviss, atvinnuleysi með tilheyrandi afleiðingum verður jafnvel meira en ætlað var og þannig mætti áfram telja. Það er viðhorf margra sveitarstjórnarmanna að fara þurfi yfir grunnforsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2009 með reglubundnum hætti til að geta brugðist við í tíma ef þróunin verður verri en gert hefir verið ráð fyrir. Því verður að líta á fyrrgreindar niðurstöður með þessum fyrirvörum. Það er þó ljóst að samdráttur í rekstri sveitarfélaganna er óumflýjanlegur. Sveitarfélögin hafa líkt og aðrir í samfélaginu brugðist við efnahagserfiðleikum þjóðarinnar með aðhaldi og sparnaði þar sem því verður við komið. Hvort ganga verður enn lengra í þeim efnum mun koma í ljós en það fer eftir því hvernig atvinnulífið og fjármál ríkisins koma til með að þróast á komandi misserum.

Hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ábm.: Gunnlaugur A. Júlíusson, sviðsstjóri



**Samband íslenskra
sveitarfélaga**

Borgartúni 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Sími: 515 4900, Fax: 515 4903

www.samband.is samband@samband.is